

Fundur hjá foreldrafélaginu 21.mars 2019

Á fundinn mættu Lilja Ósk Sigmarsdóttir, Alma Dögg Einarsdóttir, Heiðar Hrafn Eiríksson, Gígja Eyjólfsdóttir og Bylgja Héðinsdóttir tengiliður foreldrafélagsins.

Jólaballið gekk mjög vel, þurftum að kaupa allt sem áður hafði verið gefið af byrgjum en við skiluðum restinni og fengum endurgreitt. Buðum uppá piparkökur og svala fyrir börnin og kaffi fyrir foreldra. Þetta var passlega langur tími ca. klukkutími sem ballið stóð yfir, byrjaði kl: 11 og jólasveinar mættu 11:15 sem var mjög fínt.

Við gáfum öllum börnum tannbursta og tannkrem í tannverndarvikunni sem var í lok janúar.

Við ræddum hvaða útgjöld væru næst á dagskrá

1. Við þurfum 25 söngmöppur sem þurfa að vera tilbúnar í júní. Það þarf að panta plöst í möppurnar.
2. 25.stk græðlingar fyrir útskriftarhóp.
3. Myndataka fyrir útskriftarnemendur
4. Vorhátíð/sólblómahátíð 15.maí kl 15:30-17:30

Við ákváðum í samráði við Bylgju að halda sameiginlega Vorhátíð og Sólblómahátíð. Sólblómahátíðinn er haldin til stuðnings litla SOS barninu sem leikskólinn er að taka þátt í. Í ár verða þessar 2 hátíðir sameinaðar í eina þar sem börnin og foreldrafélagið ætla að selja kaffi, kökur og listaverk (frjáls framlög) til að safna fyrir þennan dreng. Síðustu ár hefur foreldrafélagið gefið öllum krökkum gjafir á vorhátíðinni en það kom upp sú hugmynd að sleppa þeim í ár og gefa leikskólanum eina veglega gjöf hvort sem það er eitthvað útidót eða dót inná deildir þar sem allir krakkar geta notið góðs af. Leikskólinn mun byrja hátíðina og svo tekur foreldrafélagið við og gerir eitthvað skemmtilegt.

Einnig kom upp sú hugmynd að sleppa jólagjöfum næstu jól þar sem erfitt er að finna hluti sem kosta lítið og allir krakkar eru að fá gjafir frá jólasveinum og annað. Í stað þess að gefa krökkunum gjafir þá myndi sá peningur fara í það að styðja við SOS barnið okkar og gera einhverja skemmtilega stund úr því. Svo er hugmynd að gera jafnvel meira yfir árið og styðja við ákveðnar vikur eins og tannverndarvikuna þar sem krakkar fengu tannbursta og tannkrem.

Hugmyndir að Vor-sólblómahátíð 15.maí 2019

- Svali og popp eða stakk
- Andlitsmálning
- Gjöf (Fyrir leikskóla)
- Vatnsrennibraut (byrjar 16:30)
- Köku/kaffisala
- Listaverkasala

Næsti fundur verður í lok apríl/byrjun maí.

Fundi slitið

Fundagerð ritaði Lilja Ósk